



SKÓGRAEKT  
RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á HALLORMSSTAÐ

STARFSSKÝRSLA 1984.

Jón Loftsson

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1984.

### I. VEÐURFAR ÁRSINS

#### 1.1. Tíðarfarsyfirlit.

Páll Guttormsson hefur skráð eftirfarandi tíðarfarsyfirlit fyrir árið 1984 á Hallormsstað:

Það voru tíðar áttabreytingar og umhleypingasamt fyrstu 3 mánuði ársins. Af 420 mm úrkomu í jan. feb. og mars voru aðeins 30 mm snjór. Mesta sólarhringsúrcoma var 29 janúar 77mm. Mesti snjór á jörð í janúar og til 14 febrúar, var frá 10 til 43 cm. Þykkasta frost í skóginum mældist 22 cm.

SV áttin er gekk í 30. mars, hélst til 9. apríl. Þann 10. apríl gekk í NV átt. Var meðalhitinn  $-0,6^{\circ}\text{C}$  dagana frá 10-16 apríl. Þann 17 hlýnaði og gekk í suðlæga átt, er hélst út mánuðinn. Dagana 25 og 26 apríl var hámarks-hitinn  $18^{\circ}\text{C}$ .

Er vika var liðin af apríl, byrjuðu lerkikvæmin og víðitegundir að sprengja brumhlífar. En birki byrjaði að sprengja brumhlífar þann 25 apríl.

Nokkurt frost var öðru hverju til 9. maí. Upp úr því var hin besta gróðrartíð, með nægri vætu. Frá 18 maí til mánaðarmóta, var meðalhitinn  $8,0^{\circ}\text{C}$  og framför gróðursins þá mjög jöfn. Var lerki full útsprungið 19 maí og birkiskógurinn þann 23 maí, tún urðu algræn 22 maí.

Blómplöntur er blómgast að jafnaði um mánaðarmótin maí og júní og fyrrihluta júní voru með fyrsta móti á ferðinni að þessu sinni.

Júní var með heitari júnímánuðum. 21 og 22 voru köldustu dagarnir í mánuðinum. Var meðalhitinn þá daga  $6,3^{\circ}\text{C}$ . Er jarðraki var að verða í minnsta lagi 11 júní, byrjaði að rigna. Á tímabilinu frá 6 til 20 júní byrjuðu ársprotar skógar-trjáanna að teygja úr sér. Túnsláttur byrjaði í síðustu viku mánaðarins.

Framhald var á hlýindunum allan júlímánuð. Var mánuðurinn hinn heitasti síðan 1955, en samt var í 12 sólarhringa nokkur rigning og úði.

Einnig nú fyrstu sumarmánuðina, sýndu margar jurtir og tré merki þess með góðum vexti, svo sem túngrös, kartöflugrös og skógur, þar sem þær vaxa í þykkum og djúpum jarðvegi, að jarðraki hefur geymst í jörðinni frá vetrinum.

Var vöxturinn mjög jafn og góður frá síðari hluta júní til júlíloka.

Til dæmis í fyrstu viku ágústmánaðar voru furu og grenitegundir búnar að taka út hæðarvöxtinn.

Samfelld hlýindi voru allan ágústmánuð eins og í júlí. Jarðvegur var allvíða farinn að þorna mjög mikið er líða tók á þurrkakaflann, sem var frá 6 til 27 ágúst. Það var mikils virði fyrir allar jurtir er tók að rigna síðarihluta dags 28. og ringdi þá 21 mm.

Árssproti lerkisins yfir ca 35 ára aldur bætti við lengd árssprotans fram að 20 ágúst. En lerki innan við 30-35 ára aldur óx til 25 og 26 ágúst.

Er líða tók á ágústmánuð voru árssprotar birkisins af 20-40 aldri, í fremur rökum jarðvegi víða orðnir með allra lengsta móti. En þar sem birki vex í

grunnum jarðvegi, var algengt fyrirbæri að það gulnaði, upp úr miðjum ágúst.

Rifsber byrjuðu að ná fullum þroska 10 ágúst, 27 dögum fyrr en í fvrrea.

Í september voru frostnætur með allra fæsta mótí, þótt farið sé allt aftur til ársins 1945. Í september voru tíðar áttabreytingar. Í júní, júlí og ágúst í sumar var á engum athugunartíma, áttirnar N eða NV. En í september voru 2 dagar, þann 3 og 23 NV átt. Og mesti vindhraði þá daga var 5 vindstig.

Úrfellið var með því mesta sem hefur mælst í september. Sólskin var dálítið minna en í meðallagi. Brum og sprotar trjáa voru búnir að ná hinum besta þroska fyrir lok september.

Í október voru einnig tíðar áttabreytingar eins og í september. Vindar af þeim áttum er flytja með sér kalt loft voru langt um algengari en í september.

Til og með 15 var hitinn um meðallag, en síðari helming mánaðarins var hann undir meðallagi. Þá var frost á 11 athugunartímum, svo að meðalhitinn í október var liðlega 2,0°C fyrir neðan meðallag.

Bæði í nóvember og desember var úrkoman langt yfir meðallagi. Ef úrkoman er jöfnuð niður á mánuðina er hún liðlega helmingi meiri en í meðallagi.

Í nóvember nálgast hitinn meðallag en var 2,0°C yfir meðallagi í desember.

Í nóvember voru tíðar áttabreytingar. Lægsta hitastig í þeim mánuði var þann 2. -8,0°C.

Sunnanátt var 10 sólarhringa í desember. Í mánuðinum var hitastigið 10 daga fyrir neðan frostmark. Mesti vindhraði var þá daga 3 vindstig. Mesta sólarhringsúrkoma í desember var 56 mm. þann 17.

Ekkert frost var í jörð í skóginum í desemberlok.

## 1.2. Tafla I. Meðalhiti, úrkoma, sólskinsstundir.

Mánuður	Hitastig í °C		Úrkoma í mm		Sólskinstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðallagi	Sam- tals	Vik frá meðallagi	Sam- tals	Vik frá meðallagi
Janúar	- 3,6	-1,9	237,2	+134,2	0,0	- 0,5
Febrúar	1,0	+2,2	102,9	+ 26,2	22,7	- 9,7
Mars	0,8	+1,1	82,2	+ 25,6	97,5	+ 12,4
Apríl	4,4	+2,9	24,0	- 15,5	152,6	+ 12,8
Maí	6,5	+1,5	26,9	+ 2,3	177,7	- 2,1
Júní	10,1	+1,3	35,9	+ 6,1	208,9	+ 27,2
Júlí	13,1	+4,4	16,4	- 22,8	163,4	- 13,6
Ágúst	12,1	+2,3	46,2	+ 5,1	229,0	+ 89,8
September	7,2	+0,3	91,3	+ 31,3	86,8	- 4,1
Október	2,3	-1,6	67,1	- 2,8	42,4	- 5,3
Nóvember	0,5	-0,3	113,1	+ 39,7	6,3	- 0,5
Desember	1,1	+2,9	212,2	+131,2	0,0	0,0
Árið	4,6	+1,0	1.055,4	+360,6	1.187,3	+106,4
Júní- September	10,6	+1,1	189,8	+ 19,7	688,1	+ 99,3

1.3. Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð og í mælaskýli á tímabilinu frá 10. maí til 30. september.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	17	0,2	-0,7
-	18	-2,0	-6,2
-	24	0,9	-4,0
-	25	-0,3	-3,5
-	26	-0,2	-3,9
-	31	1,7	-3,3
Júní	23	1,3	-1,5
Agúst	23	3,7	-1,5
-	24	4,0	-1,6
-	25	3,7	-1,6
Sept.	5	4,4	-1,5
-	10	0,8	-2,7
-	12	-1,4	-5,5
-	24	1,8	-0,5
-	25	-1,0	-6,0
-	26	1,3	-4,0
-	26	2,4	-1,9

1.4. Tafla III. Hiti fast að og yfir 20°C um sumarið.

Mánuður	Dagur	Hámarkshiti °C
Júní	6	21,6
-	7	21,5
-	8	19,6
Júlí	2	21,7
-	3	21,7
-	4	21,0
-	5	20,6
-	12	19,7
-	16	22,8
-	17	25,0
-	18	24,2
-	22	22,5
-	26	20,3
Agúst	2	20,0
-	3	21,9
-	16	20,2
-	18	21,5
-	24	21,7

Mesta frost að vetrinum varð 16 janúar -15,7°C.

## II. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall.

<u>Lauftré</u>	<u>laufgun</u>	<u>lauffall</u>
Birkiskógurinn	24. maí	3. okt.
Gróðursett birki ættað úr Bæjarst.		10. okt.
Hengibjörk:		
Storhoven	19. maí	
Tammerfoss	21. maí	
Rognan	26. maí	
Ösp:		
Alaskaösp frá '52	21. maí	10. okt.
Alaskaösp Valdes	18. maí	
- Copper River Delta	27. maí	
Ísl. ösp frá Egilsstöðum	29. maí	25. sept.
- - - Garði	29. maí	
- - - Geststöðum	29. maí	
Lerki		
Irkútsk	11. maí	14. okt.
Hakaskoja	13. maí	16. okt
Arkangelsk	19. maí	
Senkursk	14. maí	16. okt.
Altai	18. maí	17. okt.
Raivola	16. maí	16. okt.
Lerkið frá 1922	17. maí	16. okt.
Mið-Evrópulerki	23. maí	7. nóv.

### 2.2. Vöxtur.

Eins og fram kemur í tíðarfarsyfirliti Páls er árið 1984 það hagstæðasta fyrir gróður sem um getur. Það voraði snemma, engin vorfrost, raki nægur fyrrihluta sumars, óvenjuleg hlýindi í júní, júlí, ágúst og endin haustfrost.

Þetta hefur líka gert það að verkum að víða mælum við nú met árssprotu á mörgum tegundum. Lengsti sproti sem enn er fundinn er í Altailerki fyrir neðan Freyshóla 104 cm. Það verður líka að taka fram að flest lerkikvæmin, sem höfðu gengið frá góðu vetrarbrumi í ágústbyrjun fóru af stað aftur og komu með jafn langan sprotu í ágúst, en mynduðu samt gott vetrarbrum.

82 cm árssproti mældist á Sitkagreni í Ranaskógi.

### 2.3. Fræfall.

Fræ varð nú lítið á trjám sem von var eftir hið stutta sumar á undan.

Páll Guttormsson safnaði lítilsháttar af fræi sem hér segir:

Af íslensku birki í Hallormsstaðarskógi, Hrafnsgarði,		
- - - - Geitagerði og Ranaskógi	samtals	7,0 kg.
Reyniberjum var safnað með þjóðveginum við		
Hallormsstað	samtals	4,0 kg.
Könglum af broddfuru	samtals	20,0 L.
Könglum af lindifuru	samtals	20,0 L.

Páll sáði reynifræinu í haust alls 10 m<sup>2</sup>.

### 2.4. Skaðar.

#### 2.4.1. Frost.

Hvorki að vori né hausti sáust skemmdir af frosti, en afleiðingar af haustfrostri 1983, sérstaklega á alaskaösp voru meiri en áætlað var.

#### 2.4.2. Skordýr.

Strax í vor fór að vera á skemmdum af völdum köngulings. Veðráttan virtist vera afar hagstæð dýrinu og fjölgaði því með ógnarhraða og breiddist út um allan skóg. Var tekin sú ákvörðun að taka málin föstum tökum frá upphafi. Jón Gunnar Ottósson sá um rannsóknir og aðgerðir með aðstoð starfsmanna á Hallormsstað.

Allir grenireitir í skóginum voru athugaðir, talin dýr og egg á sprotum og fylgst með hvernig málin þróuðust fram eftir hausti.

Þá voru gerðar tilraunir með ýmis eiturefni. Vísa ég til skýrslu Jóns Gunnars um þessar athuganir, en reynt var að finna út hvort munur væri á tegundum, kvæmum, gróskuflokk eða staðsetningu í skóginum.

Í haust var mjög mikið af eggjum í skóginum og verður að fylgjast vel með í vor og grípa þá til aðgerða.

Seint í haust í október bárust fréttir frá Neskaupsstað um að þar væri skordýr að eyðileggja öll grenitré í bænum. Þegar farið var að athuga málið kom í ljós að sitkalús hafði gert mikinn usla á Reyðarfirði, Eskifirði og Neskaupsstað. Eftir að skemmdirnar höfðu verið kannaðar á nánar var ákveðið í samráði við sveitarstjórnir á stöðunum að við reyndum að úða með eitri alla garða. Tókst okkur að sprauta alla garða á Reyðarfirði með góðum árangri, en tíðarfarið í október og nóvember gerði okkur erfitt um vik og urðum við frá að hverfa.

Reynt verður að fylgjast með framvindu mála í vetur og taka málin föstum tökum næsta sumar.

Þessi upptákoma leiðir hugann að því að við þurfum að koma upp

einhvers konar aðvörunarkerfi á öllum þéttbýlisstöðum, þannig að hægt sé að grípa til aðgerða áður í slíkt óefni er komið.

Vinnan við athuganir og aðgerðir við köngulinginn hér í skóginum var færð á ósundurliðað og reyndist vera um 830 vinnustundir og skýrir að hluta hvernig sá liður fór úr böndunum.

Lítið var af birkimaðki hér í skóginum en aftur á móti urðu miklar skemmdir af hans völdum í Arnaldsstaðaskógi.

#### 2.4.3. Sveppasjúkdómar.

Ekki var mikið vart við douglassveppinn á lerki í sumar en aftur á móti varð ryðsveppur á birki mjög áberandi á vissum stöðum í skóginum er líða tók á sumarið.

#### 2.4.4. Snjóþyngsli.

Engar skemmdir.

#### 2.4.5. Fuglar og spendýr.

Hreindýr ullu töluverðum skemmdum í ungum lerkigróðursetningum í Hafursá og Mjóanesi. Hópurinn var ekki stór, oft var farið og rekið út en þau komu jafnharðan aftur og er þetta mikið vandamál í þessum nýmörkum.

### III. STARFSFÓLK.

Alls komust 52 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins Hallormsstað árið 1984.

Þar af má telja 8 starfsmenn sem unnu allt árið.

Launagreiðslur til fólks eftir ASÍ- töxtum..... 3.390.200 kr.

Launagreiðslur til fólks í BSRB og BHM..... 691.400 kr.

Sundurliðun á vinnunni á einstaka kostnaðarliði er í viðauka.

Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir var verkstjóri í gróðrarstöð og sá um rekstur hennar. Skúli Björnsson var verkstjóri í skógi og sá um skógarhögg, gróðursetningu og girðingarvinnu.

Þór Þorfinnsson skógtæknir kom til starfa hér í febrúar og er nú frá áramótum 1985 fastráðinn á Hallormsstað. Þór vann við kortagerð og mælingar, þá vann hann mikið við rannsóknir á köngulingnum.

Páll Guttormsson sem um síðustu áramót fór á eftirlaun eftir hálfrar aldar starf hér í skóginum, var í hálfu starfi síðastliðið sumar. Vann hann einkum við umhirðu nýskóga, klippingu og hreinsun en að auki sá hann um veðurathuganir eins og áður.

Þórarinn Benedikz kom í júní og sá um gróðursetningu í kvæmatilraun.

Jón Gunnar Ottósson kom nokkrum sinnum í samdandi við athuganir vegna köngulings. Starfsmenn rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá komu og mældu grisjuðu eldri kvæmatilraunir í október.

#### IV. GIRÐINGAR.

##### .1. Viðhald.

Viðhald girðinga var í algeru lágmarki vegna niðurskurðar á vinnustundum. Sem betur fer var veturinn einstaklega snjóléttur og komu girðingarnar vel undan vetri.

##### a) Jörvík.

Í vor var farið með girðingunni henni tylt upp og lagfærð lítilsháttar en girðingin er orðin mjög léleg, í þetta fóru 6 dagsverk.

Seinnipart ágúst var hafin endurgirðing á girðingunni á um 800 kafla.

Um 400m kafla var fluttur til þar sem undirbyggingin hafði eyðilagst, var bætt á hana 5 hornum og einu hliði. Skift var um ca 100m net, settir nýjir staurar þar sem þurfti og allar nýjar stytur.

Efnisnotkun:

Kostnaður:

62 staurar	228	vinnustundir voru notaðar
176 stytur	26.331	launakostnaður
5 hornstaurar	26.500	gisting + fæði
1 net	17.136	girðingarefni
2 gaddavír	69.967	kr. heildarkostnaður.
2 pk. lykkjur		
15 kg. stagvír		

##### b) Eiðagirðing.

11-15 júní var gengið með girðingunni og dyttað að þar sem brýn nauðsyn krafði. Í þetta fóru 4 dagsverk.

##### c) Skógargirðingin.

Í vor fóru 8 dagsverk í að tylla upp girðingunni, auk þess sem bæta þurfti við girðinguna á Gilsáreyrunum eftir því sem lækkaði í fljótinu.

##### d) Múlasterkkgirðingin.

4 dagsverk fóru í lagfæringu á girðingunni en hún er orðin mjög léleg að utan og ofan, vegna rangrar staðsetningar.

Unnar voru 450 vinnustundir við viðhald girðinga í heild.

Launakostnaðurinn varð 51,969 kr.

Viðgerð skógargirðinganna er það verkefni sem taka verður föstum tókum á næstu árum, þar sem skemmdirnar verða stöðugt alvarlegri þegar eðlileg endurnýjun á sér ekki stað.

##### .2. Nýjar girðingar.

Engar nýjar girðingar voru settar upp í löndum Skógræktar ríkisins á árinu.



## V. SKÓGARHÖGG.

### 5.1. Viður.

- 9/1-10/2 Grisjað var birki í Lambabólum reitur-601 og var viðurinn unnin samhliða heima á plani.
- 13-19/3 Fyrsta grisjunin utan skógar í lerki í Lækjarvík fyrir neðan Freyshóla reitur-200-1. Þarna var framkvæmd raðgrisjun, þannig að önnur hver röð var tekin og gert ráð fyrir að gróðursett yrði greni í staðin. Hægt var að nýta efnið að hluta til í stytur og skurðbakkastaura ca 400 stk.
- 4 og 5/4 Fellt frá aðalveginum í gegnum skóginn að beiðni vegagerðarinnar.
- 12-17/4 Lerkigrisjun fyrir ofan símalínu, milli vega, fyrir innan Króklæk, reitir- 706 og 704.
- 24/4-14/5 Með hléum grisjað lerki í reit-709 fyrir neðan Atlavíkurstekk.
- 21 og 22/8 Lauffeldur skermur í jólatrésplöntun fyrir utan Borgargerði reitur-302-7
- 28 og 29/10 Afkvistað það sem lauffellt var í ágúst í reit-302-7
- 30/10-16/11 Grisjaður birkiskermur fyrir utan Borgargerði og út á Höfða reitir-301-6,9,10,11,12,13,14,15,16, og 302-7,12.

Skógarhöggfviðarvinnsla 2.761 vinnustundir

- - 337.605 kr. launakostnaður

### 5.1.1. Sala girðingarstaura árið 1984.

Tafla IV.

<u>Gerð staura</u>	<u>fjöldi seldra staura</u>
B II	999 stk.
B III	181 -
Styttur	986 -
Hornstaurar	13 -
Skurðbakkastaurar	90 -

### 5.1.2. Sala á viði árið 1984.

Tafla V.

Arinviður.....	2.940 þokar.
Efniviður, birki, óbirktt.....	1.099 dm <sup>3</sup>
Efniviður, birki, birkt.....	1.352 -
Efniviður, lerki, óbirktt.....	185 -
Reykingaviður, sagað.....	1.000 kg.
Eldiviður, ósagað.....	7.000 -
Spæfir.....	79 þokar.
Könglar.....	10,5 kg.

Seldur viður alls 83,8 tonn

5.1.3. Viðar og staurabirgðir í árslok 1984.

Tafla VI.

Birkt,yddað og fúavarið		Óbirkt, óyddað og ófúavarið.	
B II	200 stk.	Staurar	300 stk.
B III	340 -	Styttur	350 -
Skurðb.st.	20 -		
Styttur	350 -		
Hornst. 2m.	15 -		
Arinviður	160 pk.		

Viðarbirgðir alls ca. 12 tonn.

5.2. Jólatré.

Byrjað var að merkja jólatré 24 nóvember, en ekki byrjað að fella fyrr en 5 desember. Lauk afgreiðslu og útkeyrslu 21. desember að mestu.

Gekk þetta allt eins og í sögu, enda hagstætt veður allan tímann og snjólaust. Trén voru græn og falleg og voru kaupendur víst hinir ánægðustu.

Í mörgum jólatrésreitum hafði köngulingurinn gert mikinn skaða og varð því jólatrjáahöggið minna en ætlað var.

Tókst að anna eftirspurninni á Austurlandi, en engin tré voru send í aðra landshluta.

Jólatré 870 vinnustundir  
- 123.712 kr. launakostnaður.

Tafla VII. Sala jólatrjáa á Hallormsstað 1984.

Trjátegund	Stærðarflokkar													Alls.
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	15.	
Rauðgreni	110	147	208	76	30	21	17	19	12	7	4	1	1	653
Blágreni	1	4	9	2		1								17
Broddgreni		7	7	1										15
Fjallapínur		8	1	2	1	3								15
Stafafura	5	11	7		3	1								27
Alls	116	177	232	81	34	26	17	19	12	7	4	1	1	727

Stafafurugreinar 96 kg.

Þingreinar 50 kg.

Brúttótekjur af sölu jólatrjáa á Hallormsstað 1984 urðu samtals 678.108 kr.

## VI. GRÓÐRARSTÖÐ.

### .1. Fræplöntur.

Sjá töflu um sáningu en í ár var eingöngu sáð í fjölpotta.

Byrjað var að sá 21 maí greni, furu og birki. Lerkifræið kom ekki fyrr en um mánaðarmót maí-júní og var sáningu þess lokið í fyrstu viku júní.

Spírunarprósentan var heldur lág á lerkifræinu og sitkabastarði fyrir sáningu í fjölpotta. Um sumarið kom upp vandamál í sambandi við vökvun með bómu.

Öhreinindi safnast í spíssa og þarf því betri síur á vatnskerfið.

Það kom í ljós að sáning í finnskahús frá 1983 hafði skemmst mikið þá um haustið og við upptöku í haust 1984 og var útkoman léleg.

Útisáning í DI 2/0 og 3/0 var tekin upp að fullu haust 1984. Fjallapín og Síberíupín úr þessari sáningu var dreifsett vor 1984.

Stafafura í fjölpottum kemur illa út á öðru ári.

### 6.2. Dreifsetning. Sjá töflu um dreifsetningu.

Dreifsetning hófst 28 maí og var lokið 8 júní. Dreifsettar voru alls 56.200 plöntur með brettum og gekk það vel, plönturnar tóku út góðan vöxt.

30 apríl var byrjað að dreifsetja í móbönd alls 2.700 plöntur og var því lokið 3. maí. Einnig var dreifsett með staf í gegnum svart plast, birki stafafuru og fjórum kvæmum af lerki til prufu. Sérstaklega virtist þessi aðferð passa vel fyrir birki og er ég þá með í huga garðplöntu uppeldi.

### 6.3. Garðplöntur.

Sjá töflur um garðplöntur, birgðir og afhendingu.

Greni í F-reit var nokkuð sekmt af kali og var að mestu selt sem limgerðisplöntur. Öspin var mikið til ónýtt af kali, en annað var í þökkalegu standi.

Salan var ágæt. Upptaka hófst um 10 maí og salan upp úr 20 maí og stóð sem hæst umm úr mánaðarmótum og svo til lokið um 10 júní.

Breytt var fyrirkomulagi í sambandi við söluna og ekki keyrt á alla staðina með sölubíl, heldur tekið á móti pöntunum sem síðan voru keyraðar út, en örlítið af aukaplöntum tekið með ef pláss leyfði. Þó var farið í söluferðir á Höfn og Vopnafjörð vegna legu staðanna og salan er þar alltaf mest.

Einnig sendum við nokkurt magn af plöntum í Blómaval í Reykjavík.

Dreifsett var nokkuð mikið af birki, en einnig var dreifsett með staf gegnum svart plast sem áður er getið og fór það mjög vel af stað.

Frá Kjarna fengum við nokkrar tegundir af blómstrandi runnum sem við ætlum að nota sem móðurplöntur.

### .4. Afhending skógarplantna.

Sjá töflu um afhendingu. Skógarplönturnar voru teknar upp haustið 1983 og geymdar á frysti gekk hún fljótt og vel fyrir sig.

Ástand plantnanna var nokkuð gott en grenið var frekar lélegt.

Einu afföllin sem urðu í geymslu var að mygla komst í stafafurupokana og voru þær plöntur allar ónýtar. Virðist sem stafafura sé sérstaklega viðkvæm í frystigeymslu, þar sem þetta hefur komið fyrir áður, treystum við okkur ekki til að segja til um hvað hefur farið úrskeiðis. Sú fura sem sett var á frysti í haust var þúðruð með myglulyfinu Brassicol.

#### 6.5. Illgresiseyðing.

Nokkuð vel gekk að ráða við illgresið, úðað var með Símasíni á dreifsetningar- beð og kom það vel út, einnig var notað Glyfosát og White spirit með góðum árangri.

#### 6.6. Nýframkvæmdir.

Settur var upp rafmótor fyrir sjálvvirkan opnunarbúnað í stóra gróðurhúsið og er það mikil hagræðing en fyrst og fremst öryggisatriði. Hitastiginu er haldið mjög jöfnu og var það aðeins heitustu dagana sem þurfti að opna stóru dyrnar og lofta.

#### 6.7. Ýmislegt.

Gert var plan fyrir pottaplöntur á milli gróðurhúsana<sup>n</sup>, einnig stækkað plan fyrir fjölpottaplöntur við hliðina á stóra gróðurhúsinu.

Endurbætur voru gerðar á báruplasthúsi, gert skilrúm og kom þá ágæt aðstaða fyrir græðlingaborð, einnig var sett mól í gólf og ný hurð á stafn til þess að koma vagninum inn.

Stóra gróðurhúsið var styrkt, settir laskar á efsta langbandið þannig að hægt væri að setja álista sem skrúfaður var efst á plastplötturnar til að festa þær. Plötturnar voru þvegnar og þeim lokað að ofanverðu með ál lím- bandi, til varnar því að ryk komist inn á milli.

Grindin af finnska húsinu f auk og þótti ekki borga sig að gera við hana enda orðin fúin og léleg.

Gerð var tilraun til að snyrta hér í kring. Þökulagður kanturinn fyrir ofan báru- og stóra plasthús, einnig meðfram stíg inn að Mörk.

Sáð var í neðsta reit, en þar er enn margt eftir að gera.

#### 6.8. Kostnaður.

Heildarkostnaður sem færður var á 0904 Gróðrarstöð er sem hér segir:

Vinnustundir urðu 9.254 st. sjá sundurliðun í viðauka.

Launakostnaður 1.003.142 kr. - - - -

Vörur og þjónusta 179.796 kr.

## 6.9. Sala.

Sala á plöntum var sem hér segir:

Garðplöntur.....	1.279.094 kr.
Skógarplöntur.....	113.284 -
- - í eigið land.....	1.066.562 -
- - Fljótsdalsáætlun....	235.620 -
- - Styrkir.....	59.245 -
- - Sk.r.Varmahlið.....	96.500 -
<hr/>	
Samtals tekjur gróðrarstöð	2.850.305 kr.

## VII. GRÓÐURSETNING.

4 júní hófst gróðursetning sem stöð til 13 júlí og gekk hún vel.

183.200 plöntur voru gróðursettar í löndum skógræktarinnar.

Byrjað var á stafafuru sem gróðursett var í plógstrengi í Hafursárlandi, síðan var gróðursett í stórt svæði upp með Hafursárgili, í þetta stykki fóru um 70 þúsund lerkiplöntur mest Altai en einnig Jönsberg.

Fyllt var upp í alla skekla í Mjóaneslandi og er gróðursetningu þar lokið.

Gróðursett var blágreni í grisjaðar rásir í Lækjarvík fyrir neðan Freyshóla, um 800 plöntur í tilraunaskini sem jólatrésplöntun.

Gróðursett var í Lambabólum rauðgreni, blágreni og sitkabastarður þetta voru um 12 þúsund móbandsplöntur, verkið gekk frekar seint vegna ágangs mýflugna á gróðursetningarfólkið.

Börn Þórarins Þórarinssonar frá Eiðum gróðursettu í "Þórarinslund" 80 blá-greniplöntur í tilefni 80 ára afmæli hans, einnig fylltu þau upp með lerki í eyður þar sem drepist hafði úr gróðursetningu frá 1982.

Gróðursett var í nýjan "Guttormslund". Niðjar hans gróðursettu þar lerki í tilefni af 100 ára afmæli hans. Kláruðu skógræktarmenn að fylla upp í teiginn. Alls voru gróðursettar 3.700 plöntur í teiginn.

6.950 plöntur voru gróðursettar í Miðhúsaseli í staðin fyrir plöntur sem drápust 1982. Vinnan var færð á V.f.aðra.

Gróðursett í tilraunareiti í Lambabólum undir stjórn Þórarins Benedikz.

Þetta er Random Block tilraun fjórar endurtekningar af tuttugu kvæmun af stafafuru alls 3.940 plöntur.

Alls voru notaðar um 2.550 vinnustundir til að gróðursetja 183.200 plöntur.

Heildarlaunakostnaður 278.552 kr. þ.e.a.s. 1,52 kr. á plöntu.

Tafla VIII.

Hallormsstaður, gróðursetning vor 1984.

Nýr

3

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fræ-nr.	Pl.gerð	R-nr.	Hafursá	Mjónanes	Lambaból	Pórarinsl.	Guttormsl.	Múlast.	Miðhúsas.	Alls
Sib. lerki	Altai	1/0	C-057	Fp.	219	51.420 <sup>v</sup>							51.420
-	-	1/0	C-057	-	209	4.047 <sup>v</sup>							4.047
-	-	1/0	C-057	-	195		12.210 <sup>v</sup>						12.210
-	-	1/0	C-057	-	196		17.225 <sup>v</sup>						17.225
-	-	1/0	C-057	-	197		4.148 <sup>v</sup>						4.148
-	-	1/0	C-057	-				600 <sup>v</sup>					600
-	-	1/0	C-057	-					3.692 <sup>v</sup>				3.692
-	-	1/0	C-057	-						3.905 <sup>v</sup>			3.905
-	Modo	2/0	C-053	-	199	855 <sup>v</sup>							855
-	Altai	1/2	C-057	Br.	219	20.000 <sup>v</sup>							20.000
-	-	1/2	C-057	-	209	5.729 <sup>v</sup>							5.729
-	Jönsberg	1/2	C-069	-	219	12.543 <sup>v</sup>							12.543
R. lerki	Östteg	2/0	C-114	Fp.	199	5.320 <sup>v</sup>							5.320
-	Björkebo	2/0	C-113	-	199	1.160 <sup>v</sup>							1.160
Birki	Mörk Hall.	1/0	C-076	Fp.						6.460			6.460
-	-	1/0	C-076	-							3.040 <sup>v</sup>		3.040
Stafafura	Bennet Lake	1/2	C-062	Mb.	202	4.525 <sup>v</sup>							4.525
-	-	1/2	C-062	-	204	12.865 <sup>v</sup>							12.865
Blágreni	Mörk Hall.	2/3	C-033	Mb.	200	780 <sup>v</sup>							780
-	-	1/4	C-033	Br.	601		1.300 <sup>v</sup>						1.300
-	-	2/3	C-033	Mb.				100 <sup>v</sup>					100
Sitkabast.	Lýsishóll	2/3	C-622	Mb.	601		3.220 <sup>v</sup>						3.220
-	-	2/3	C-022	Mb.	204	720 <sup>v</sup>							720
Rauðgreni	Hemnes	1/4	B-805	Mb.	601		6.400 <sup>v</sup>						6.400
-	Jökull.	1/4	C-032	Mb.	601		940 <sup>v</sup>						940
						119.964 <sup>v</sup>	33.583 <sup>v</sup>	11.860 <sup>v</sup>	700	3.692	6.460	6.945 <sup>v</sup>	183.204

## VIII. HREINSUN PLANTNA.

### 8.1. Kjarrhreinsun.

Gífurlegt áttak var gert í hirðingu jólatrjáareita hvað teinung snertir og er þetta aðeins byrjunin.

Sagaður var teinungur í eftirtöldum reitum:

13 - 16/2	Reitur 301-6,5	Þinur
	- 302-7,12	Rauðgreni
17 - 29/2	- 301-5	Rauðgreni
	- 304-2,4	2/rauðgreni 4/lerki
7 - 16/3	- 506	Rauðgreni
	- 509	-
	- 512	-
19 - 30/3	- 712-1,2,3,4.	-
	- 717-1.	-
6 - 10/4	- 604-1,2.	-
	- 708-1.	-

Páll Guttormsson var við kjarrhreinsun og klippti frá barrtrjám og fór yfir eftirfarandi reiti.

Reitur nr. 304-11.	Lindifura fyrir ofan altai lerki í Partinum	1.400 m <sup>2</sup>
- - 408-4.	Hvítgreni og sitkagreni í Lýsishól inn af Fálkakletti	7.500 m <sup>2</sup>
- - 704-10.	Stafafura Skagway innan við Króklæk fyrir utan Wedelsborg stafafuruna	2.500 m <sup>2</sup>
- - 804-1.	Lindifura í Ljósárkinn	2.500 m <sup>2</sup>

## IX. BYGGINGAR.

### 9.1. Viðhald.

a) Mörkin, starfsmannabústaður.

Máluð var setustofa og borðstofa mjög þarft verk, einnig voru keypt 7 ný rúm fyfir starfsfólk.

b) Skjólíð, starfsmannabústaður.

Málað að innan, keypt teppi á gólfið og nýjar dýnur í kojur, enda brýn þörf.

d) Hallormsstaðabær, skógarvarðarbústaður.

Þar sem um var að ræða mikin niðurskurð á áætlun viðhalds og stofnkostnaði hjá deild 09 ákvað ég að einbeita mér að aðeins einu verkefni og notaði í það allt stofn- og viðhaldsfé. Gamli bærinn varð 100 ára á árinu og þótti því vel við hæfi að ljúka einangrun og endurbyggingu hans sem hafin var fyrir 10 árum eða 1974. Þetta var gert:

Einangrað loft yfir arinstofu og klætt að innan.

Einangraðir útveggir á viðbyggingu frá 1928 og sett á samskonar viðar-klæðning og er á elsta hlutanum. Kvistur stækkaður og breytt til samræmis við stafn hússins og opnað á milli svefnherbergis og kvistherbergis.

## 9.2. Nývirki.

Farið var í það í sumar að reisa varanlegan danspall og svið í Atlavík vegna Atlavíkurhátíða. Varð þetta mikið mannvirki, 600 m<sup>2</sup> danspallur en undirstöðurnar eru gamlir símastaurar.

Undanfarin ár hefur verið reist jafn mikið mannvirki fyrir hverja hátíð en jafnan rífið niður daginn eftir. Var kostnaður við uppsetningu og niðurrif talinn vera um það bil jafn mikill og við smíði varanlegs palls, þar sem ekki þyrfti að rífa. Varð það að ráði að S.r. byggði pallinn og ætti að öllu leyti en leigði U I A hann síðan.

Kostnaður varð meiri en ætlað varð, en þegar upp var staðið stóð fyrirtækið á sléttu og S.r. á því pallinn skuldlausan og getur leigt fyrir dágóða upphæð á næstu árum ef menn vilja.

Keypt var 10 gata þurrsalerni, en salernisaðstaða er kannski það sem helst er ábótavant þegar 5000 gestir eru mættir á hátíð.

<u>Mannvirkjagerð.</u>	<u>Kostnaður</u> <u>1984</u>
<u>47 Byggingavörur.</u>	<u>69.017</u>
6 4700 Ósundurliðað .....	18.913
6 4710 Timbur, trjávörur og þilplötur .....	30.125
6 4730 Málningarvörur .....	8.441
6 4740 Vörur til hita og vatnslagna .....	3.620
6 4790 Aðrar byggingarvörur .....	7.918
<u>49 Ýmsar vörur.</u>	<u>467</u>
6 4910 Varahlutir.....	467
<u>54 Flutningur - vélar.</u>	<u>14.114</u>
6 5410 Frakt .....	1.220
6 5420 Vörubílar .....	12.894
<u>58 Verkaup og verkstæði.</u>	<u>522.993</u>
6 5810 Trésmíði .....	522.993

Vinna skógræktarmanna við mannvirkjagerðina voru 832 tímar sem kostuðu 107.826kr. Kostnaður við mannvirkjagerðina varð samtals: 714.417 kr.



## X. VELAR OG VERKFÆRI

U-3357. Afturdrif í Benz hrundi í byrjun ársins og var gert við hér heima. Settar varu nýjar þéttingar í snúningstjakk, var það gert í Tunghaga.

Í byrjun plöntusölnunnar fór vélin í Benz, var gjörsamlega ónýtt. Keypt var notuð túrbínuvél af Guðmundi Jónassyni fyrir kr. 130.000.-

Var þetta mjög bagalegt á mesta annatímanum og varð að leigja bíla í staðinn til að salan gæti gengið sinn gang. Vörubíllinn hefur því verið okkur afskaplega dýr sem endranær. (sjá nánari sundurliðun í viðauka).

U-1905 Ford. Heddið var tekið upp í fyrravetur og slípaðir ventlar. Keypt voru ný dekk, alveg ótrúlega góð, skipt um dempara og keypt nýtt útvarp.

U-3829 Volvo Lapplander Tímahjólið fór á miðju sumri og var gert við það hér heima. Það þyrfti að kaupa ný dekk undir bílinn fljótlega.

Ford 5000. Eðlilegt viðhald en skipt um alla stýrisenda.

Önnur tæki. Keypt var ein keðjusög, Jönsredes 420 og líkar starfsfólki mjög vel við þessar sagir. Keypt var ein kjarrsög Jönsredes R 45 en hún hefur ekki verið notuð þar sem hún skemmdist í flutningi hingað.

Keypt var Olympia rafmagnsritivél, mjög gott tæki, þarfabing.

## XI. FRAMKVÆMDIR Í FLJÓTSDAL

Gróðursetning. Plöntun fór fram á tímabilinu 27 júní- 2 júlí. Byrjað var á Strönd, síðan á Gunnlaugsstöðum Víðivöllum, Víðivallagerði og Skriðuklaustri.

### Gróðursetning, Fljótsdalsáætlun 1984.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Fræ-nr. Pl.gerð	Strönd	Gunnl.st.	Mjóanes (Egill)	Víðiv.	Víðiv.g.	Skriðukl.
S.lerki	Altai	1/0	C-057	Fp. 9.727					
-	-	-	-	-	8.875				
-	-	-	-	-		1.630			
-	-	-	-	-					6.248
-	Jönsb.	2/0	C-105	-		1.805			
-	-	-	-	-			9.405		
-	-	-	-	-				13.205	
R.lerki	Östteg	2/0	C-114	-		1.520			
				9.727	8.875	4.958	9.405	13.205	6.248

Alls plantað vorið 1984 52.418 plöntum.

Girðingar. Nú var lokið endanlega við girðinguna í Vífðivallagerði, negldar stytur og gengið frá hliði.

Skipt var um staura og stytur í Geitagerðisgirðingunni . Í Vallholti sá Eiríkur um viðhald á girðingunni og lauk við að negla stytur.

Efni notað:                   100 staurar   BII  
                                  25   "        BIII  
                                  390 stytur  
                                  1 hornstaur  
                                  3 pakkar lykkjur.

Heildarvinnustundir Fljótsdalsáætlun 588 klst.

Heildarlaunakostnaður	67.600.-
Plöntur	235.620.-
Girðingarefni	23.791.-
Bifreiðar S.r.	7.884.-

Heildarkostn.334.895.-

## XII. ÝMISLEGT

### 12.1 Ferðalög og fundarhöld

- 11-23.febrúar. Stjórnarfundur í NSR í Helsingi. Þaðan var farið á 4 daga ráðstefnu í Rovaniemi í Norður Finnlandi. Þaðan var haldið til Norður Noregs og komið við hjá Terje Dahl fylkesskogmester í Troms. Helt erindi um íslenska skógrækt bæði á fundinum í Rovaniemi og hjá "skogoppsynet í Troms".
- 12-19 februar. Starfsmannafundur S.r. í Reykjavík ásamt útréttingum og eftirhreytum.
- 2 - 3 apríl Fundur hjá Búnaðarsambandi Eyfirðinga. Sýndi litskyggjur og helt erindi um nytjaskógrækt á Fljótsdalshéraði.
- 12 apríl Tok þátt í útvarpsþætti, bein útsending milli landshluta, þar sem fiollað var um skógrækt og ofbeit.
- 13-18 apríl. Sótti Náttúruverndarþing sem fulltrúi NAUST, en nýtti ferðina til útréttinga og viðræðna við aðalskrifstofu S.r.
- 5 mai. Fulltrúaráðsfundur NAUST á Höfn Hornafirði
- 14 mai. Fundur á Eiðum með stjórn UIA vegna væntanlegrar Atlavíkurhátíðar.
